

Borgarstjórn
21. nóvember 2017

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um stofnun stýrihóps vegna deilihúsnæðis í Reykjavík

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stofna stýrihóp sem kannar möguleika og grundvöll á því að úhluta lóðum í Reykjavík sem ætluð eru fyrir deilihúsnæði (house-sharing).

Greinargerð:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stofna stýrihóp sem kannar möguleika og grundvöll á því að skipuleggja og úhluta lóðum í Reykjavík sem ætluð eru fyrir deilihúsnæði (house-sharing) til að auka fjölbreytni í húsnæðisvali og auka framboð. Kannað verði m.a. hvernig eignaform gæti verið mögulegt á slíku húsnæði t.d. hvort slíkt húsnæði gæti verið í eigu almennra leigufélaga, leigufélaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða eða að eignarhald slíks húsnæðis væri í sameign þeirra sem þar búa. Hvort breyta þurfi lögum til að gera slíkt húsnæði mögulegt á Íslandi svo sem þeim reglum sem gilda um stofnframlög. Hvaða hópar kæmu til greina við búsetu í slíku húsnæði svo sem hvort eingöngu yrði miðað við ungt fólk eða fólk á öllum aldri, hvort um félagslegt eða almennt húsnæði væri að ræða o.s.frv. Til hliðsjónar er hægt að horfa til Old Oak byggingarinnar í London sem opnaði vorið 2016 sem vakið hefur athygli víða en þar er á ferðinni líklega eitt stærsta deilihúsnæði (house-share] sem vitað er um. Þar býðst hundruðum ungra Lundúnabúa sem hafa orðið undir í húsnæðiskreppunni að leigja herbergi og fá aðgang að töluverðri þjónustu. Þá er jafnframt hægt að líta til þekkingar Félagsstofnunar stúdenta við byggingu húsnæðis þar sem sameiginleg aðstaða er fyrir hendi fyrir þá sem leigja herbergi.